

Skýrsla

félags- og húsnæðismálaráðherra um réttindi og skyldur aldraðra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Með beiðni (á þskj. nr. 411 — 340. mál) frá Birgittu Jónsdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að félags- og húsnæðismálaráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem fram komi tæmandi yfirlit yfir réttindi aldraðra og skyldur ásamt leiðbeiningum um það ferli að sækja rétt sinn hjá opinberri stjórnsýslu. Með öldruðum er átt við einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og var miðað við þann aldursramma við skýrslugerð.

Formáli.

Í skýrslu þessari er í fyrsta kafla farið yfir þær reglur sem gilda um ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar og hvaða reglur gilda þegar einstaklingur er ósáttur við þá niðurstöðu sem fæst í máli hans og vill leita réttar síns. Farið verður yfir 1) uppbyggingu stjórnsýslunnar, 2) þær reglur sem gilda um ákvarðanatöku og málsmeðferð hjá stjórnsýslunni, 3) kærueimildir, auk 4) málskots til dómstóla og 5) kvartanir til umboðsmanns Alþingis.

Í öðrum hluta skýrslunnar er gefið 1) yfirlit yfir þau réttindi aldraðra hjá opinberri stjórnsýslu sem verða virk þegar einstaklingur nær 67 ára aldri. Gerð er grein fyrir 2) hver réttindin séu, 3) hvert eigi að snúa sér til að nálgast þau, 4) hver taki ákvörðun og 5) innan hvaða tímamarka. Þá er tilgreint 6) hvert hægt sé að skjóta ákvörðunum varðandi réttindi og skyldur.

Í þriðja hluta skýrslunnar er farið yfir réttindi aldraðra á alþjóðavettvangi.

Að lokum er í síðasta hluta skýrslunnar fjallað með ítarlegum hætti um þær kæruleiðir sem eru færar innan verkefnasviðs velferðarráðuneytisins og geta varðað réttindi aldraðra, með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem um er að ræða úrskurðarnefndir sem falla undir ráðuneytið eða ákvarðanir sem kærnanlegar eru til ráðuneytisins.

I. Skipulag stjórnáýslunnar, málsmeðferðarreglur og kærueimildir.

Samkvæmt 2. og 13. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1994, fara ráðherrar með framkvæmdarvaldið. Þeir eru æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Verkefnum stjórnáýslunnar er aftur á móti skipt á milli ráðuneyta, stofnana á vegum þeirra og sveitarfélaga, annaðhvort með lögum eða samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þannig hafa stofnanir hins opinbera og sveitarfélög á hendi flest þau verkefni sem lúta að opinberri stjórnáýslu og þjónustustarfsemi og taka þar af leiðandi flestar þær ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur einstaklinga. Það er hins vegar hlutverk ráðherra og ráðuneyta að hafa eftirlit með þeirri framkvæmd og fara með yfirstjórn og annast stefnumörkun í þeim málaflokkum sem undir ráðherra og ráðuneyti hans falla.

Opinber stjórnáýsla fer að meginstefnu fram á tveimur stigum. Er það meðal annars til þess að hægt sé að fá ákvarðanir endurskoðaðar sé aðili máls ósáttur við niðurstöðu í máli sem hann er aðili að. Þannig er algengast að ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur einstaklinga, svonefndar stjórnvaldsákvarðanir, séu teknar hjá lægra settu stjórnvaldi, þ.e. hjá stofnunum eða sveitarfélögum, en eru síðan kærnanlegar til æðra setts stjórnvalds. Æðra setta stjórnvaldið er oftast ráðherra en í mörgum tilvikum hefur úrskurðarvaldið verið flutt með lögum til annarra stjórnvalda, til dæmis sjálfstæðra úrskurðar- eða kæruneftnda. Niðurstöður á kærustigi æðra setts stjórnvalds eru almennt endanlegar innan stjórnáýslunnar. Slíkar ákvarðanir verða þó almennt bornar undir dómstóla auk þess sem hægt er að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis eins og vikið verður að síðar.

Almennt geta æðra sett stjórnvöld endurskoðað bæði efni ákvörðunar og málsmeðferð eða form hennar. Þannig hefur stjórnvald, sem ákvörðun hefur verið kærð til, oft val um hvort það tekur nýja ákvörðun í máli eða leggur fyrir lægra setta stjórnvaldið að taka málið til nýrrar meðferðar ef niðurstaðan er sú að ógilda fyrri ákvörðun. Þegar ákvörðun varðar á hinn bóginn sérfræðilegt mat getur verið vandkvæðum bundið fyrir hið æðra setta stjórnvald að meta nema að litlu leyti efnislega ákvarðanir sem byggðar eru á slíku mati nema stjórnvaldið búi yfir jafnmikilli eða meiri sérfræðipækkingu en það stjórnvald sem tók ákvörðunina. Það veldur því að í mörgum tilvikum lætur hið æðra setta stjórnvald við það sitja að prófa ákvörðun með tilliti til málsmeðferðar, meðalhófs og þess hvort mat hafi verið byggt á málefnalegum forsendum og verið forsvanlegt. Hið æðra setta stjórnvald kann í slíkum tilvikum að láta sér nægja að ógilda ákvörðun og leggja fyrir hið lægra setta stjórnvald að taka málið til nýrrar meðferðar í stað þess að taka nýja ákvörðun í málinu.

Hvaða ákvarðanir eru kærnanlegar?

Stjórnvaldsákvarðanir nefnast þær ákvarðanir stjórnvalda sem varða réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila, sbr. ákvæði stjórnáýslulaga nr. 37/1993. Til þess að ákvörðun teljist vera stjórnvaldsákvarðun þarf hún að vera bindandi þannig að viðkomandi sé skylt að fara eftir henni. Hún þarf að vera endanleg niðurstaða í ákveðnu og fyrirliggjandi máli og varða verulega og einstaklingsbundna hagsmuni viðkomandi.

Ákvarðanir stjórnvalda sem hafa áhrif á hagsmuni ótilgreinds fjölda einstaklinga, svo sem breytingar reglugerða eða breytingar á greiðsluþátttöku hins opinbera, eru almennt ekki kærnanlegar.

Dæmi um stjórnvaldsákvarðanir má telja ákvörðun um að ráða einhvern í starf, afhending tiltekinna gagna og svör við hvers konar umsóknum.

Dæmi um ákvarðanir sem eru ekki stjórnvaldsákvarðanir eru á hinn bóginn setning reglugerða, umsagnir stjórnvalda vegna þingmála og ákvarðanir um opnunartíma stofnana, sjá einnig upptalningu í 1. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga.

Almennar reglur um meðferð mála.

Við töku ákvörðunar um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila (stjórnvaldsákvörðunar) þurfa stjórnvöld að gæta að sjónarmiðum sem meðal annars koma fram í ákvæðum stjórnsýslulaga. Þar er meðal annars fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, en stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar. Þetta á jafnt við um aldraða sem og aðra sem leita aðstoðar hjá stjórnvöldum og miðast hjálpin við þarfir og aðstæður þess sem hennar óskar hverju sinni.

Í lögnum er vikið að málshraða í stjórnsýslunni en ákvarðanir skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber stjórnvaldinu að skýra aðila máls frá því, upplýsa hann um ástæður tafarinnar og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Þá kann í sumum tilvikum að vera erfitt að finna jafnvægi á milli þess að afgreiða mál eins hratt og hægt er en á sama tíma rannsaka mál þannig að það sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. samspil við rannsóknarreglu stjórnsýslulaganna.

Stjórnvöldum ber að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti þegar þau vinna að úrlausn mála. Þeim er óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Samkvæmt þessu á aldur einstaklings sem leitar til stjórnvalds ekki að hafa áhrif á málsafgreiðsluna heldur skal stjórnvaldið sjá til þess að hann geti staðið jafnfætis öðrum sem leita til þess.

Stjórnvöld skulu veita aðilum rétt til andmæla og athugasemda áður en þau taka ákvörðun í málum þeirra. Þetta stuðlar að því að öll sjónarmið komi í ljós áður en ákvörðun verður tekin. Þá er líklegra að hlutaðeigandi aðilar sætti sig við niðurstöðu stjórnvalds þegar þeim er ljóst að tekið hefur verið tillit til öndverðra viðhorfa.

Aðili máls á rétt á aðgangi að upplýsingum, skjölum og öðrum gögnum er mál varða svo framarlega sem þau eru ekki sérstaklega undanþegin upplýsingarétti. Ef um er að ræða fjölda gagna er hægt að gera aðila að greiða ljósritunarkostnað eða önnur tilheyrandi gjöld sem til falla við að útvega gögnin. Ef stjórnvald synjar aðila um aðgang að gögnum eða takmarkar hann að einhverju leyti verður að tilkynna ákvörðunina sérstaklega með rökstuddum hætti. Ákvörðunina má kæra til þar til bærst stjórnvalds innan 14 daga.

Þegar stjórnvaldsákvörðun hefur verið tekin skal hún tilkynnt viðkomandi með formlegum hætti nema slíkt sé augljóslega óþarft. Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Skal þá leiðbeina viðkomandi um rétt sinn til að fá ákvörðun rökstudda, hvert kæra megi ákvörðun og hver sé kærufrestur. Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna og ráðandi megin sjónarmiða sem ákvörðun stjórnvalds byggist á.

Að lokum ber stjórnvöldum að gæta meðalhófs í öllum sínum störfum hvort sem verið er að taka eiginlega stjórnvaldsákvörðun eða ekki. Meðalhófsregla stjórnsýsluréttarins felur nánar tiltekið í sér að þegar stjórnvöld hafa val um fleiri en eina leið til að ná fram því markmiði sem stefnt er að með töku ákvörðunar ber að velja það úrræði sem vægast er og að gagni getur komið.

Málskot til dómstóla.

Almennt hefur aðili val um hvort hann ber ákvörðun undir æðra sett stjórnvald eða hvort að hann vísar máli beint til dómstóla.

Heimild dómstóla til að endurskoða einstaka stjórnvaldsákvarðanir byggist á 60. gr. stjórnskrárinnar þar sem segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk

yfirvalda. Ákvæði laga sem segja að úrskurðir nefnda séu fullnaðarúrskurðir takmarka ekki heimildir borgara til að bera mál sín undir dómstóla enda eru ákvæði stjórnarskrárinnar réttþærri almennum lagaákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar einstaklingum að leita úrlausnar um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, styður við fyrrgreinda heimild til að leita til dómstóla vegna meinbuga í stjórnáslunni. Fyrir dómstólum er hægt að krefjast ógildingar á ákvörðun sem stjórnvöld hafa tekið, í heild eða að hluta. Dómstólar hafa aðra aðkomu en stjórnvöld að málum sem skotið er til þeirra. Dómstólar endurskoða hvort ákvarðanir stjórnvalda hafi staðist form- og heimildarþátt lögmatísreglunnar, hvort sjónarmið hafi verið málefnaleg og hvort farið hafi verið að meginreglum stjórnásluréttar við ákvarðanatökuna. Ef lög mæla fyrir um skyldubundið mat meta dómstólar hvort stjórnvöld hafi brotið gegn skyldum sínum með því að afnema það.

Mál þarf að fullnægja réttarfarsskilyrðum laga þegar það er lagt fyrir dómstóla og málsmeðferðin þar fer fram með mun formlegri hætti en á kærustigi. Hafa þarf í huga að dómstólar ráða ekki yfir sömu sérþekkingu og stjórnvöld en geta þess í stað skipað sérfræðinga í dóminn þegar þess er þörf. Dómstólar geta dæmt ákvörðun ógilda ýmist vegna brots gegn efnis- eða formreglu.

Réttaröryggissjónarmið leiða til þess að endurskoðunarvald dómstóla ætti að vera viðtækt. Á móti kemur það lýðræðissjónarmið að dómstólar sækja ekki vald sitt til almennings eins og stjórnvöld. Réttur manna til að leita til dómstóla hefur verið túlkaður rúmt en stundum er í lögum gert að skilyrði fyrir því að menn geti leitað til dómstóla að kæruleiðir hafi áður verið tæmdar innan stjórnáslunnar. Slík ákvæði eru undantekning fremur en regla. Þau hafa þó verið talin standast 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Endurskoðun á stjórnvaldsákvörðun getur borið á góma í dómsmáli í einkamáli eða sakamáli. Til að eiga aðild til sóknar í dómsmáli verður einstaklingur að eiga lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins, í skilningi 24. og 25. gr. laga um meðferð einkamála. Á grundvelli 25. gr. þeirra laga eiga félög í vissum tilfellum málssóknarrétt fyrir félaga sína.

Að jafnaði skal stefna því stjórnvaldi sem tók ákvörðun sem krafist er ógildingar á. Ef ákvörðun kærunefndar er skotið til dómstóla verður að stefna lægra settu stjórnvaldi til varnar, annars verður kröfugerðinni vísað frá dómi. Ef ráðherra er úrskurðaraðili á málskotsstigi er almennt ekki hægt að stefna honum til varnar vegna stjórnvaldsákvörðunar. Aðstaða hans er þá sú sama og kærunefndanna sem fyrr var getið. Í undantekningartilvikum er fallist á aðild ráðherra þótt mál hafi áður komið til skoðunar á tveimur stjórnáslustigum.

Eftirlit umboðsmanns Alþingis með stjórnáslunni.

Embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað að íslenskum rétti með lögum nr. 13/1987, sbr. nú lög nr. 85/1997. Umboðsmaður er trúnaðarmaður Alþingis, kosinn af þingheimi til fjögurra ára í senn, en tekur hvorki við fyrrmælum frá þingmönnum né öðrum heldur er sjálfstæður í störfum. Hann er hluti af eftirliti löggjafans með framkvæmdarvaldinu.

Samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 2. gr. laga um umboðsmann Alþingis er hlutverk hans fjórþætt: Að hafa eftirlit með stjórnáslu ríkis og sveitarfélaga, að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins, að gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnáslunni og að stjórnáslan fari fram í samræmi við lög, vandaða stjórnásluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ef stjórnvald hefur byggt matskennda stjórnvaldsákvörðun á lögmatum og málefnalegum sjónarmiðum er endurskoðun umboðsmanns takmörkuð við það að kanna hvort vægi einstakra sjónarmiða í mati hafi verið forsvaranlegt.

Umboðsmaður tekur mál til skoðunar að fenginni kvörtun frá borgara sem telur að

stjórnvald hafi brotið á sér rétt eða telur hagsmuni sína fótum troðna. Skilyrði fyrir því að kvörtun verði tekin til meðferðar er að hún sé á starfssviði umboðsmanns, að kvartandi sé aðili máls, að málskotsúrræði til æðra stjórnvalds hafi verið nýtt, að erindið berist innan árs frá lokum málsins og að nægileg gögn fylgi því til að gefa skýra mynd af umkvörtunar-efninu.

Þá getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði, hvort sem hann fær vitneskju um mál vegna ábendinga frá almenningi eða með öðrum hætti. Einstaklingar eiga hins vegar ekki kröfu á að umboðsmaður taki mál til skoðunar eigi þeir ekki aðild að því þótt honum sé heimilt að taka mál til skoðunar að eigin frumkvæði.

Málum sem borist hafa embættinu á liðnum árum hefur fjölgað mikið. Árið 2011 fjölgaði þeim um 40% frá fyrri árum. Um 500 kvartanir hafa borist umboðsmanni árlega frá þeim tíma samkvæmt heimasíðu embættisins. Skráð mál á árinu 2014 voru 494 og afgreidd mál 558 en hliðstæðar tölur fyrir árið 2013 voru 494 og 543.

Málsmeðferð fyrir embættinu fer þannig fram að þegar erindi hefur borist er það tekið til frumathugunar. Reynt er að ljúka athugun mála innan nokkurra vikna. Ef frumathugun gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar er máli lokið með bréfi. Annars fer fram frekari öflun gagna og skýringa frá hlutaðeigandi einstaklingum og stjórnvöldum. Samkvæmt 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis getur hann krafist stjórnvald um öll gögn sem málinu tengjast og skv. 9. gr. sömu laga getur hann krafist stjórnvald skýringa. Kvartanda er gefið tækifæri til að gera athugasemdir við útskýringar stjórnvalda. Að lokinni fullnægjandi skoðun er máli lokið, ýmist með bréfi að fengnum útskýringum stjórnvalda, eða álitum umboðsmanns þar sem fram kemur afstaða hans til þess hvort stjórnvöld hafi brotið gegn lögum eða vönduðum stjórnsýsluháttum hverju sinni, eða með tilmælum til stjórnvalda eða gagnrýni á vinnubrögð þeirra, athugasemdum við málsmeðferð eða tilmæli um að málið verði tekið upp að nýju. Ekki þarf stjórnvald að gerast brotlegt við lög til þess að umboðsmaður geri athugasemd og bendi á hvað betur megi fara.

Umboðsmaður skilar ekki álitum nema hann finni eitthvað aðfinnsluvert í starfsemi stjórnvalds. Álit umboðsmanns eru ekki bindandi að lögum. Hins vegar felst styrkur þeirra í ítarlegum rökstuðningi. Sjaldan er vikið frá niðurstöðu umboðsmanns í þeim málum sem hann tekur til skoðunar.

Umboðsmaður getur skoðað aðdraganda og umhverfi máls í heild sinni en er ekki bundinn af sjónarmiðum um málsforræði aðila. Þá er stjórnsýsluskoðun umboðsmanns ekki kostnaðarsöm fyrir borgarann eins og vill verða þegar leitað er til dómstóla. Sá sem kvartar er aldrei nafngreindur í álitum umboðsmanns en það getur falið í sér visst hagræði andspænis dómstólaleiðinni, til dæmis ef málsatvik eru viðkvæm fyrir borgarann.

Hver veitir öldruðum aðstoð við að sækja rétt sinn innan stjórnsýslunnar?

Ekki er kveðið á um í lögum að aldraðir eigi sér einhvern sérstakan málsvara innan stjórnsýslunnar sem aðstoðar þá við að sækja rétt sinn samkvæmt lögum.

Í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, er kveðið á um að ákvæði IV. kafla laganna, sem snúa að persónulegum talsmönnum fatlaðs fólks, eigi einnig við um einstaklinga sem vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss þurfa stuðning við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum. Öldruðum einstaklingi er því í sumum tilvikum hægt að skipa persónulegan talsmann á grundvelli þeirra laga. Þá eiga fatlaðir einstaklingar, sem náð hafa 67 ára aldri, alla jafna rétt á réttindagæslumanni. Á það við þótt fötlun komi til eftir 67 ára aldursmarkið.

Þá felst í leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, sem finna má í 7. gr. stjórnsýslulaga, að stjórnvaldi ber að leiðbeina og aðstoða þá sem til þeirra leita varðandi mál á starfssviði þess.

Hver framfylgir úrskurðum um réttindi og skyldur?

Endanleg afgreiðsla á stjórnáslumáli felur í sér að mál sé leitt til lykta innan stjórnáslunnar þannig að aðili fái þau réttindi sem honum ber samkvæmt lögum og ákvörðun stjórnvalds. Það hvílir á viðeigandi stjórnvaldi að tryggja að úrskurðum um réttindi og skyldur verði fylgt eftir. Ef stjórnvöld hafa í hendi sér að framfylgja ívilnandi ákvörðun gagnvart aðila, leiðir af skyldum þeirra gagnvart lögum og vönduðum stjórnásluháttum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að réttar efndir nái fram að ganga.

Það er meginregla stjórnásluréttar að lægra settu stjórnvaldi ber að hlíta niðurstöðu æðra stjórnvalds, til dæmis þegar það hefur endurskoðað ákvörðun hins lægra setta í kjölfar stjórnáslukæru. Hið lægra setta stjórnvald getur almennt ekki skotið ákvörðun til enn æðra stjórnvalds, jafnvel þótt slíkt stjórnvald sé fyrir hendi, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Í staðinn skal lægra sett stjórnvald beita sér fyrir því að úrskurðum um réttindi og skyldur aðila verði réttilega fullnægt.

II. Helstu réttindi aldraðra innan opinberrar stjórnsýslu.

Almannatryggingar og sjúkratryggingar.

Aldraðir njóta allra sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir borgarar landsins í samræmi við lög og reglur. Sökum aldurs njóta þeir einnig réttinda á grundvelli sérstakrar löggjafar sem sett hefur verið og sem hér verður gerð grein fyrir.

A. Lífeyrisréttindi og tengdar greiðslur.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Með lögum hefur ákveðnu kerfi verið komið á hér á landi í þeim tilgangi að tryggja þeim sem þurfa rétt til aðstoðar þegar svo stendur á sem um getur í ákvæðinu. Helstu lög sem fjalla um fjárhagslega aðstoð til þeirra sem náð hafa 67 ára aldri eru lög um almannatryggingar, nr. 100/2007, lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og einnig lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

i. Réttindi almannatryggingakerfisins.

Almenna lífeyristryggingakerfið samkvæmt lögum um almannatryggingar tekur til þeirra sem búsettir eru hér á landi. Rétturinn ávinnt í meginatriðum á grundvelli búsetu og veitir 40 ára búseta fullan rétt en sé um skemmri tíma að ræða reiknast lífeyririnn hlutfallslega. Ekki er krafist vinnu, iðgjaldagreiðslu eða annars til að ávinna sér réttindi í almannatryggingum. Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi í a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Heimilt er að miða lífeyri beggja hjóna við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma.

Helstu bætur lífeyristrygginga til aldraðs einstaklings eru:

- Ellilífeyrir.
- Tekjutrygging.

Þeir sem eiga rétt á ellilífeyri, en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri, geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Eftir að bótaréttur hefur verið reiknaður út skal hækka ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%.

Til viðbótar lífeyri almannatrygginga er einnig heimilt samkvæmt lögum um félagslega aðstoð að greiða ellilífeyrisþegum uppbætur vegna sérstakra aðstæðna eða kostnaðar.

Helstu uppbætur félagslegrar aðstoðar til ellilífeyrisþega eru:

- Heimilisuppbót.
- Uppbót á lífeyri vegna framfærslu.
- Uppbót á lífeyri vegna kostnaðar, til dæmis lyfja, læknskostnaðar eða hjálpartækja.
- Uppbætur á lífeyri vegna bifreiðakostnaðar (rekstur og kaup á bifreiðum).
- Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

Við mat á þörf fyrir greiðslu uppbóta á lífeyri er meðal annars litið til heimilisaðstæðna, fjárhags og félagslegra þátta auk sérstakra útgjalda þegar það á við.

Þeir sem heimilisstörf stunda geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Bætur slysatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur. Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Ef ellilífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfelld á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Í þeim tilvikum er greitt ráðstöfunarfé sem á árinu 2016 er að hámarki 58.529 kr. á mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar og við tekur greiðsla ráðstöfunarfjár. Ráðstöfunarfé fellur niður ef tekjur eru yfir 90.045 kr. á mánuði.

ii. Réttindi lífeyrissjóðakerfisins.

Atvinnutengda lífeyrstryggingakerfið samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tekur til þeirra sem eru á vinnumarkaði. Öllum einstaklingum á vinnumarkaði hér á landi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með því að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Réttur sjóðfélaga fer eftir tímalengd aðildar og inngreiddum iðgjöldum.

Lögbundnir lífeyrissjóðir greiða tryggðum sjóðfélögum lífeyri í samræmi við samþykktir og skilyrði einstakra lífeyrissjóða.

B. Sjúkratryggingaréttindi.

Sjúkratryggingakerfið samkvæmt lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, tekur til allra sem eiga lögheimili hér á landi. Aldraðir njóta sjúkratrygginga á sama hátt og aðrir landsmenn. Aldraðir njóta þó sérstakra réttinda og ívilnana umfram almenna borgara.

Hér má sérstaklega nefna að aldraðir greiða lægri gjöld vegna heilbrigðisþjónustu, hvort sem um er að ræða heilsugæslu, almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu inni á heilbrigðisstofnunum eða þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og fyrirtækja þeirra, sbr. 29. gr. laganna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um að greiða lægra gjald á heilsugæslu eða heilbrigðisstofnun þar sem þessar stofnanir eru beintengdar við tölvukerfi Sjúkratrygginga Íslands, en þar koma fram upplýsingar um réttindastöðu einstaklinga.

Aldraðir greiða einnig minna fyrir lyf en aðrir sjúkratryggðir, sbr. 29. gr. laganna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um það heldur þar sem lyfsalar hafa aðgang að réttindastöðu einstaklinga í gegnum Sjúkratryggingar Íslands og afslátturinn kemur því sjálfkrafa.

Þá taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra skv. 20. gr. laganna. Kostnaður aldraðra við tannlæknaþjónustu fer þó eftir gjaldskrá hvers tannlæknis fyrir sig en fjárhæð endurgreiðslu miðast við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands og hlutfall endurgreiðslunnar fer eftir því hvort að einstaklingur dvelst á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi, en þá er hún 100%, eða því hvort einstaklingur fái greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins eða ekki, sbr. reglugerð nr. 451/2013. Fá einstaklingur ekki greidda tekjutryggingu er hlutfall endurgreiðslu 50% en 75% fái hann greidda tekjutryggingu. Þar sem gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands sem greitt er eftir hefur ekki hækkað til verðlags dagsins í dag síðan í nóvember 2004 er í reynd ekki um framangreint hlutfall greiðsluþátttöku að ræða.

Sjúkratryggingar taka einnig þátt í kostnaði vegna öflunar nauðsynlegra hjálpertækja, sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar nr. 1155/2013. Sjúkratryggingar Íslands reka hjálpertækjamiðstöð sem veitir ráðgjöf og upplýsingar um hjálpertæki og val á þeim og annast afgreiðslu þeirra samkvæmt ákveðnum reglum sem og endurnýjun þeirra. Þá annast Sjúkratryggingar einnig uppsetningu eftir því sem við á, breytingar, sérsníði og aðstoð við aðlögun hjálpertækja fyrir notendur eða tryggja að aðrir aðilar annist það. Starfsfólk hjálpertækjamiðstöðvar sér þar að auki um viðhald og viðgerðir á hjálpertækjum í eigu Sjúkratrygginga Íslands.

Ágreiningsmálum varðandi grundvöll, skilyrði eða fjárhæð bóta er hægt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála en fjallað er um málsmeðferð hennar í fjórða kafla.

Ferill þess að sækja réttindin.

Tryggingastofnun ríkisins er falin framkvæmd laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Lífeyrissjóðir starfa eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Búsetusveitarfélag hins aldraða einstaklings annast framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og heilsugæslustöðvar, lækna, sérfræðingar, sjúkrahús og fleiri stofnanir annast framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Þeir sem eiga rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun sækja um þær og er það í flestum tilvikum gert á sérstökum eyðublöðum stofnunarinnar. Umsækjendum er skylt að veita allar upplýsingar sem þörf er á til að meta hvort og hvaða rétt þeir eigi á greiðslum. Að sama skapi er starfsfólki Tryggingastofnunar og umboða skylt að kynna sér aðstæður þeirra sem sækja um og eiga rétt á greiðslum frá stofnuninni. Einnig er starfsfólki skylt að upplýsa viðskiptamenn um rétt þeirra samkvæmt lögum um almannatryggingar og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar. Ítarlegar reglur um leiðbeiningarskyldu Tryggingastofnunar og upplýsingaskyldu umsækjenda voru settar með lögum nr. 8/2014, um breytingu á lögum um almannatryggingar, sbr. nú einkum 37. og 39. gr. laganna.

Allar umsóknir eru afgreiddar eins fljótt og mögulegt er. Greitt er frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir að skilað hefur verið inn umsókn ásamt tilheyrandi gögnum.

Eyðublöð og leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Tryggingastofnunar og hjá umboðum stofnunarinnar um land allt. Þar er einnig að finna upplýsingar um fjárhæðir og reiknivélar. Jafnframt er hægt að hlusta á upplýsingarnar á heimasíðunni. Stofnunin býður upp á rafræna þjónustu „Mínar síður“ þar sem hægt er að skoða ýmis rafræn skjöl eins og greiðsluáætlun og greiðsluskjöl, skoða og breyta tekjuáætlun, fá bráðabirgðaútreikning lífeyris og fleira. Stofnunin veitir viðskiptavinum alla þá þjónustu sem unnt er að veita gegnum síma og varða almannatryggingar og er þjónustumiðstöðin með grænt númer. Þá er unnt að tala við þjónusturáðgjafa með beinum hætti í gegnum Netið, auk þess sem hægt er senda allar almennar fyrirspurnir í tölvupósti.

Réttur umsækjanda til lífeyris og tengdra bóta er meðal annars reiknaður út frá eigin tekjum hans. Fjármagnstekjur hjóna eru sameiginlegar tekjur og reiknast helmingur þeirra sem tekjur umsækjandans. Lífeyrisgreiðslur eru skattskyldar á sama hátt og til dæmis launatekjur og greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Tryggingastofnun sendir öllum sem verða 67 ára bréf þar sem bent er á mögulegan rétt til ellilífeyris. Bréfinu fylgja eyðublöð fyrir umsóknir og tekjuáætlanir. Einnig er hægt að sækja um ellilífeyri og gera nýja tekjuáætlun á Mínum síðum á vefsíðu Tryggingastofnunar. Staðfesting um umsókn hjá lífeyrissjóði þarf einnig að fylgja umsókn um ellilífeyri. Þeir sem eru með örorkulífeyrisgreiðslur þegar þeir verða 67 ára þurfa ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri. Afgreiðslutími ellilífeyris er um fjórar vikur miðað við að öll gögn hafi borist. Ef sótt er um lífeyri á milli landa getur afgreiðslufrestur verið að lágmarki sex mánuðir.

Aðstoð sveitarfélaga.

Aldraðir eiga sama rétt og aðrir til þjónustu sveitarfélaga og verður hér farið yfir þau réttindi sem tryggð eru með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Öllum ákvörðunum félagsmálanefnda sem teknar eru á grundvelli framangreindra laga er hægt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Aldraðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraðra. Sótt er um aðstoð hjá félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi á lögheimili í.

Aldraðir eiga rétt á félagslegri ráðgjöf en markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Geti aldraður einstaklingur ekki framfleytt sér með þeim tekjum sem hann hefur til ráðstöfunar, að meðtöldum lífeyrisgreiðslum og greiðslum á grundvelli laga um félagslega aðstoð, getur hann eins og aðrir íbúar leitað frekari aðstoðar hjá sveitarfélaginu þar sem hann hefur lögheimili.

Sveitarstjórnir skulu stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má en tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf. Leitast skal við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og skulu sveitarstjórnir sjá til þess að eftir þörfum sé fyrir hendi félagsleg heimaþjónusta og heimsending matar. Einnig skal öldruðum tryggður aðgangur að félags- og tómsundastarfi. Þeir sem ekki geta hjálparlaust séð um heimilishald og persónulega umhirðu, til dæmis vegna skertrar getu eða veikinda eiga rétt á félagslegri heimaþjónustu skv. VII. kafla laganna. Áður en aðstoð er veitt þarf að meta þörf viðkomandi fyrir þjónustuna. Þá skal skila læknisvottorði þegar um heilsufarsástæður er að ræða. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um þjónustuna og heimilt er að taka gjald samkvæmt gjaldskrá sem hvert sveitarfélag setur sér.

Sveitarfélög hafa einnig það hlutverk skv. XII. kafla laganna að sjá til þess að framboð sé á leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og félagslegum eignaríbúðum handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa eða annarra félagslegra aðstæðna. Þá skulu sveitarfélögin veita þeim sem ekki eru færir um það sjálfir úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn. Sérstaklega er tilgreint að leitast skuli við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða. Í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, kemur fram að sveitarstjórn skipi húsnæðisnefnd sem meðal annars skal skv. 14. gr. laganna gera árlega áætlun fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og „aðstoða aldraða og fatlaða, svo og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf, við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.“

Það hvílir ekki ófrávíkjanleg skylda á sveitarfélögum að reka dvalarheimili, þjónustuíbúðir eða önnur húsnæðisúrræði fyrir aldraða. Það fer eftir aðstæðum á hverjum stað og mati á þörf. Hins vegar er sveitarfélögum skylt að veita öldruðum heimaþjónustu, aðgang að félags- og tómsundastarfi og sjá þeim fyrir heimsendingu matar. Þetta er sú sértæka grunnþjónusta sem sveitarfélögum ber að veita öldruðum. Þjónustumiðstöðvar aldraðra eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómsundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit.

Markmið laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Aldraðir eiga eins og aðrir rétt á að sækja um húsaleigubætur. Umsóknum skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast afgreiðslu og útborgun bóta.

Sérlög um réttindi aldraðra.

Markmið laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda, þeir geti búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er en tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

Heimaþjónusta skal byggjast á aðstoð til sjálfshjálpar og einstaklingsbundnu mati á þjónustubörf. Annars vegar er um að ræða heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, og hins vegar félagslega heimaþjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða að leiðarljósi.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í reglugerð um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma, nr. 466/2012, kemur fram að færni- og heilsumatsnefndir leggi faglegt mat á þörf aldraðs fólks fyrir dvöl í dvalarrými og hjúkrunarrými.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur verið skipuð af ráðherra á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra. Verkefni samstarfsnefndarinnar skv. 5. gr. laganna eru að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra og að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra. Þá hefur ráðherra lagt fyrir samstarfsnefndina að vinna framkvæmdaáætlun í málefnaflokknum.

III. Réttindi aldraðra á alþjóðavettvangi.

Öldruðum er í sumum tilvikum, auk almennra mannréttinda, tryggð aukin réttindi á grundvelli þeirra samninga sem Ísland er aðili að, til að mynda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Allir helstu mannréttindasamningar kveða á um bann við mismunun og er meginreglan um jafnræði almennt í hávegum höfð.

Sameinuðu þjóðirnar.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþinginu 10. desember 1948¹ og lagði grunninn að því hlutverki sem samtök Sameinuðu þjóðanna hafa í dag. Um er að ræða stefnumótandi yfirlýsingu fremur en eiginlegan þjóðréttarsamning en hefur samt sem áður hlotið mikið vægi. Þá endurspeglast ákvæði yfirlýsingarinnar í alþjóðasamningum Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Í 1. tölul. 25. gr. yfirlýsingarinnar er sérstaklega minnst á rétt til öryggis vegna aldurs:

Hver maður á kröfu til líf skjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu, vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnu-missi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert.

Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi tók gildi 23. mars 1976, var undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1968 og fullgiltur með ákveðnum fyrirvörum.² Í 1. tölul. 2. gr. samningsins kemur fram að allir skuli eiga jafnan rétt til að njóta þeirra réttinda sem samningnum er ætlað að tryggja. Í ákvæðinu er aldur ekki tiltekinn en leiða má að því líkur að aldur geti fallið undir hugtakið „annarra aðstæðna“:

Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu sinni réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Þá var sama dag samþykktur alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi en hann tók gildi 3. janúar 1976 og var undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1968 og fullgiltur 22. ágúst 1979.³ Ákvæði 2. tölul. 2. gr. samningsins hefur sama gildissvið og samningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi:

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast að réttindum þeim sem greind eru í samningi þessum muni verða framfylgt án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Aldur er ekki tiltekinn sérstaklega en eftirlitsnefnd samningsins hefur tileinkað réttindum aldraðra almenna athugasemd nr. 6⁴ þar sem áréttað er að elli falli undir „aðrar aðstæður“,

¹ <http://www.un.org/Overview/rights.html>

² <http://www.althingi.is/lagas/144b/1979010.2c3.html>

³ <http://www.althingi.is/lagas/144b/1979010.2c4.html>

⁴ <http://www1.umn.edu/humanrts/gencomm/epcomm6e.htm>

auk þess sem nefndin hvetur ríki til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aldurs á vinnumarkaðnum og til þess að veita eldri borgurum stuðning við að búa sem lengst heima við, fremur en á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þá beinir nefndin sérstökum sjónum að réttindum eldri kvenna en farið verður yfir það atriði hér á eftir.

Þó alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi beri ekki með sér bein réttindi til handa öldruðum þá eru í 9. gr. samningsins viðurkennd réttindi sérhvers manns til félagslegs öryggis, þar með talið til almannatrygginga. Er með því jafnframt viðurkennt að ellilífeyrir teljist til grundvallarréttinda.

Að lokum ber að nefna ályktun nr. 46/91 um stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra⁵ sem samþykkt var á allsherjarþingi 16. desember 1991. Stefnumiðið kvað á um eftirfarandi meginmarkmið:

Sjálfstæði

Stefnt skal að því að aldraðir:

- geti aflað sér nægilegs matar, vatns, heppilegs húskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, félagslegri aðstoð og fyrir eigin atbeina;
- eigi þess kost að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti;
- fái sjálfir að taka þátt í að ákveða hvenær og hversu hratt þeir hætta þátttöku á vinnumarkaði;
- eigi kost á viðeigandi námskeiðum, bóklegum og verklegum;
- geti búið þar sem þeir eru öruggir og þar sem jafnframt er hægt að laga aðstæður að þörfum og breytilegri líkamsgetu þeirra;
- geti búið heima hjá sér eins lengi og kostur er.

Virgni

Stefnt skal að því að aldraðir:

- haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, taki virkan þátt í stefnumótun og framkvæmd mála sem hafa bein áhrif á afkomu þeirra og deili þekkingu sinni og hæfileikum með yngri kynslóðum;
- eigi þess kost að þjóna samfélaginu og starfa sem sjálfbóðaliðar að málum sem henta áhugasviðum þeirra og getu;
- geti stofnað samtök eða félög aldraðra.

Umönnun

Stefnt skal að því að aldraðir:

- fái notið félagslegrar aðstoðar og verndar í samræmi við menningarmat þess þjóðfélags sem viðkomandi býr í;
- eigi kost á heilsugæslu til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu eða til að endurheimta hana eftir því sem kostur er og til að hindra eða tefja fyrir að sjúkdómar nái tókum á viðkomandi;
- eigi kost á félags- og lögfræðiráðgjöf til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi;
- geti komist á viðeigandi umönnunarstofnanir til að njóta þar öryggis, endurhæfingar og félagslegrar og andlegrar örvunar í mannúðlegu og tryggum umhverfi;
- fái notið mannréttinda og grunnvallarfrelsis þegar þeir flytjast á umönnunarstofnun. Þar skal tekið fullt tillit til mannglegrar reisnar þeirra, trúarskoðana, líkamlegra og andlegra þarfa, einkalífs og réttar þeirra til að taka ákvörðun um umönnunina og hvernig lífi þeirra skuli háttað.

Lífsfylling

Stefnt skal að því að aldraðir:

- eigi þess kost að þroska og nýta hæfileika sína til fulls;
- geti tekið þátt í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu.

⁵ <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hopa/aldradir>

Reisn

Stefnt skal að því að aldraðir:

- geti haldið reisn sinni og búið við öryggi og þurfi ekki að óttast misnotkun, hvorki andlega né líkamlega;
- njóti sanngirni í viðmóti án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, heilsufars eða annarra þátta og framkoman við þá sé óháð efnahag þeirra.

Hinn 16. október 1992 samþykkti allsherjarþingið yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um öldrun (e. Proclamation on Ageing)⁶ en þar í var meðal annars kunnbert að árið 1999 skyldi ákveðið alþjóðlegt ár aldraðra. Yfirlýsingin fól einnig í sér áskorun til aðildarríkja um að hvetja hina öldruðu til virkrar félagslegrar þátttöku í samfélaginu ásamt því að styðja fjölskyldur í umönnun aldraðra fjölskyldumeðlima.

Árið 2002 samþykkti allsherjarþingið aðra yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun um öldrun (e. Political Declaration and Madrid International Plan of Action on Ageing)⁷ en með henni var verið að bregðast við fyrirsjáanlegri fjölgun aldraðra og áherslan lögð á að stuðla að þróun samfélaga án aðgreiningar. Talað er um að í aldurshópnum 60 ára og eldri muni fjölga frá því að vera 10% af heildarmannfjölda árið 2002 yfir í 21% árið 2050. Í yfirlýsinguinni er lögð áhersla á að vinna gegn aldursmismunun og að aldraðir búi við öryggi, njóti virðingar og séu virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins. Hæfni, reynsla og þekking aldraðra verði metin að verðleikum. Aldraðir fái tækifæri til að vera virkir á vinnumarkaði eins lengi og þeir óska og hafa getu til, þeir hafi aðgang að menntun og þjálfun og fái nauðsynlega heilbrigðis- og félagsþjónustu þegar þeir þurfa á henni að halda.

Sérstök réttindi aldraðra kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Hvað varðar réttindi aldraðra kvenna sérstaklega þá var kveðið á um í almennri athugasemd nr. 6 með alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi að gæta þurfi að réttindum kvenna á ellilífeyrisaldri þar sem algengt sé að þær eigi takmarkaðan eftirlaunarétt enda oftast en ekki samanlögð styttri viðvera á vinnumarkaðnum.⁸ Þá var samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum⁹ samþykktur á allsherjarþingi árið 1979, tók gildi árið 1981 og fullgiltur á Íslandi 18. júlí 1985. Í 11. gr. þess samnings er skýrt kveðið á um að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja þeim réttindi á grundvelli jafnréttis karla og kvenna og er þá sérstaklega nefndur í e-lið rétturinn til almannatrygginga, sérstaklega þegar hætt er störfum vegna aldurs, atvinnuleysis, veikinda, örorku og elli og vegna annars vanhæfis til vinnu sem og rétturinn til orlofs. Að lokum fólst í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um öldrun frá 1992¹⁰ sérstök hvatning til aðildarríkjanna um að styðja eldri konur og tryggja að framlag þeirra til samfélagsins sé virt að verðleikum.

Evrópuráðið.

Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE) tók gildi 3. september 1953 og er forsenda aðildar að Evrópuráðinu. Samningurinn var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Mannréttindadómstóll Evrópu fer með eftirlit með fullnustu ákvæða samningsins og hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að hlíta lögsögu hans. Í 14. gr. samningsins er kveðið á um

⁶ <http://www.un.org/documents/ga/res/47/a47r005.htm>

⁷ http://www.un.org/en/events/pastevents/pdfs/Madrid_plan.pdf

⁸ <http://www.ohchr.org/EN/ProfessionalInterest/Pages/OlderPersons.aspx>

⁹ <http://www.ohchr.org/Documents/ProfessionalInterest/cedaw.pdf>

¹⁰ <http://www.un.org/documents/ga/res/47/a47r005.htm>

bann við mismunun þar sem segir að allir eigi jafnan rétt til að njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um:

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Er ákvæðið sambærilegt þeim sem við höfum séð í samningum Sameinuðu þjóðanna þar sem öldrun er ekki nefnd sérstaklega en haldbær rök leiða líkur að því að hún falli undir „annarrar stöðu“.

Félagsmálasáttmáli Evrópu¹¹ er önnur réttarheimild samþykkt af hálfu Evrópuráðsins og er hliðstæða við mannréttindasáttmálann. Hann var samþykktur 18. október 1961, tók gildi 26. febrúar 1965 og fullgiltur á Íslandi 14. febrúar 1976. Brot vegna réttinda sem tryggð eru í sáttmálanum eru ekki kæránleg til Mannréttindadómstólsins. Eftirlitskerfið byggist því á skýrslugjöf ríkja til Evrópuráðsins um framkvæmd sáttmálans. Í endurskoðaðri útgáfu sáttmálans,¹² er samþykkt var árið 1996 og tók gildi árið 1999 og Ísland hefur undirritað en enn ekki fullgilt, er öldruðum tryggður réttur til félagslegrar verndar í 23. gr. Í ákvæðinu er kveðið á um að aðildarríkin skuli beita sér fyrir því að öldruðum sé gert kleift að vera virkur hluti af samfélaginu eins lengi og unnt er; þeim sé gert fært að velja sér þann lífsstíl sem hentar og lifa sjálfstæðu lífi í umhverfi sem þeir þekkja eins lengi og þeir óska þess og geta og að tryggt sé þegar komið er að búsetu á stofnun fyrir aldraða að friðhelgi þeirra og sjálfsákvörðunarréttur sé virtur.

Evrópusambandið.

Réttindi þau sem öldruðum eru tryggð innan Evrópusambandsins byggjast á grundvallarreglum um bann við mismunun og jafnræði. Kom það til með Amsterdamsáttmálanum árið 1999 (e. Treaty of Amsterdam)¹³ að jafnréttisstaðlar sambandsins voru betur skilgreindir. Í framhaldinu var í 25. gr. réttindaskrár Evrópusambandsins frá árinu 2000 kveðið sérstaklega á um að sambandið virði réttindi eldri borgara til að lifa lífi sínu með reisn og af sjálfstæði og rétt þeirra til að taka þátt í félags- og menningarlífi.¹⁴

Evrópusambandið tileinkaði árið 2012 virkni á efri árum og samstöðu milli kynslóða en því tengdu var komið á fót ýmsum verkefnum og viðburðum meðal aðilarríkjanna. Stóð velferðarráðuneytið meðal annars fyrir ráðstefnu af þessu tilefni.

¹¹ <http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/035>

¹² <http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/163>

¹³ <http://www.europarl.europa.eu/topics/treaty/pdf/amst-en.pdf>

¹⁴ http://www.europarl.europa.eu/charter/pdf/text_en.pdf

IV. Kæruleiðir sem varða réttindi aldraðra.

Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndin varð til með lögum nr. 85/2015, um úrskurðarnefnd velferðarmála, 1. janúar 2016. Með lögnum voru eftirtaldar nefndir sameinaðar: kærufnfnd barnaverndarmála, kærufnfnd greiðsluaðlögunarmála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Úrskurðarnefndin úrskurðar í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem fyrir er mælt í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Til nefndarinnar er unnt að skjóta ákvörðun félagsmálanefndar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, og lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997. Jafnframt er unnt að kæra ákvörðun húsnæðisnefnda og Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Einnig er unnt að kæra til úrskurðarnefndarinnar niðurstöður Sjúkratrygginga Íslands í málum er varða sjúklingatryggingu, sbr. 16. gr. laga um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, og ágreining um grundvöll, skilyrði eða fjárhæð bóta skv. III. kafla laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna. Það sama á við um ágreining sem rís um grundvöll, skilyrði og fjárhæð bóta eða greiðslna skv. 1. mgr. 7. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og skv. 1. mgr. 14. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Einnig er unnt að kæra ágreining um endurkröfurétt, ofgreiðslur og innheimtu skv. 55. gr. laga um almannatryggingar. Þá eru ákvarðanir framkvæmdaaðila um réttindi líffæragjafa kærnanlegar til nefndarinnar samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009.

Að lokum er heimilt að kæra ákvarðanir umboðsmanns skuldara samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, ákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, og ágreiningsmál sem kunna að rísa á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

Kærufrestur.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls er tilkynnt um ákvörðun.

Málsmeðferð hjá nefndinni.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála skal vera skrifleg og borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæranda er sent bréf um móttöku kæru.

Æskilegt er að í kæru sé málsatvikum lýst ásamt þeirri afgreiðslu eða ákvörðun sem kærð er. Eftir að nefndin hefur móttengið kæru óskar hún eftir gögnum máls og/eða skriflegri skýringu frá því stjórnvaldi sem kærnan beinist að. Um upplýsingaskyldu og gagnaöflun fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem stjórnsýslukæra byggist á.

Þau gögn sem kærufnfndin móttækur eru send kæranda til kynningar og gefst honum færi á að koma að athugasemdum eða frekari gögnum í samræmi við andmælaireglu stjórnsýsluréttar. Að rannsókn lokinni tekur nefndin kærana til meðferðar og úrskurðar. Málsmeðferðin skal að jafnaði vera skrifleg en nefndin getur þó ákveðið að kalla málsaðila á sinn fund telji hún þess þörf. Skriflegur úrskurður nefndarinnar er sendur kæranda og fær það stjórnvald sem kom að töku ákvörðunarinnar/afgreiðslunnar afrit hans.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnáráðs. Úrskurði verður ekki skotið til annars stjórnvalds, en meðferð nefndarinnar á ágreiningsmáli eða úrskurður hennar hindrar aðila á engan hátt í að leggja ágreining sinn undir almenna dómstóla með venjulegum hætti. Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Nefndin fylgir ákvæðum stjórnáráðslaga við málsmeðferðina og ákvæðum laga sem málskotsréttur til nefndarinnar byggist á hverju sinni.

Málsmeðferðartími.

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Kærandi skal þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta megi úrskurðar dragist mál umfram þriggja mánaða viðmiðið.

Um afgreiðslutíma mála sem kærð eru til nefndarinnar samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, fer samkvæmt þeim lögum.

Kærunefnd húsamála.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um ágreining milli eigenda í fjöleignarhúsum, milli leigjenda og leigusala íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og milli leigusala og leigutaka lóða undir hús í frístundabyggð.

Til nefndarinnar er unnt að skjóta 1) ágreiningi milli eigenda í fjöleignarhúsum sem varðar réttindi þeirra og skyldur samkvæmt lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, 2) ágreiningi samkvæmt lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008, og 3) ágreiningi leigutaka og leigusala vegna leigusamninga þeirra í millum samkvæmt húsaleigulögum, nr. 36/1994.

Kærufrestur.

Enginn kærufrestur er hjá kærunefndinni nema að því er lýtur að frístundahúsamálum, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2008, um málskotsrétt vegna leigusamnings um lóð frístundahúss.

Málsmeðferð hjá nefndinni varðandi lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, og húsaleigulög, nr. 36/1994.

Sé málatilbúnaður álitsbeiðanda fullnægjandi er gagnaðila veittur tíu daga frestur til að tjá sig um álitsbeiðnina. Afrit af greinargerð gagnaðila er síðan sent álitsbeiðanda. Þegar allar upplýsingar eru taldar liggja fyrir er málið tekið til úrlausnar og álitsgerð undirrituð.

Sé málatilbúnaður álitsbeiðanda á hinn bóginn ófullnægjandi er honum gefinn tíu daga frestur til að bæta úr, annars er málið fellt niður. Hugsanlegt er einnig að máli sé vísað frá þegar í upphafi eða síðar. Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars stjórnvalds en aðilar geta að sjálfsögðu lagt ágreining sinn undir dómstóla með venjulegum hætti.

Málsmeðferð hjá nefndinni varðandi lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008.

Í kæru skv. 12. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann sem kæra beinist að (gagnaðila), landnúmer lóðar undir frístundahús sem deilt er um og fasteignanúmer mannvirkja á lóð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna, auk rökstuðnings og afrit af gögnum máls.

Greini aðila á um framkvæmd ákvæða III. kafla laga nr. 75/2008 geta þeir borið ágreiningsefnið undir kærunefnd húsamála sem lætur í té rökstutt álit. Erindi til kærunefndar

skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina ágreiningsefnið, kröfu aðila og rökstuðning fyrir henni. Kærunefnd gefur gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnarsýslulögum. Álit og úrskurðir kærunefndar húsamála samkvæmt lögum nr. 75/2008 eru endanlegir á stjórnarsýslustigi.

Málsmeðferðartími.

Kærunefnd húsamála skal kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að henni berst mál.

Embætti landlæknis.

Fjallað er um kvartanir til landlæknis í 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og 28. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Kvörtun á að vera skrifleg og tilefni hennar skal koma skýrt fram. Hún þarf að berast landlækni undirrituð af sjúklingi eða þeim sem fengið hefur umboð hans til þess og á þá skriflegt umboð að fylgja með kvörtuninni.

Hægt er að skipta erindum almennings til Embættis landlæknis í fjóra flokka:

1. Erindi er varða samskipti almennings við veitendur heilbrigðisþjónustu.

Í lögum um landlækni og lýðheilsu er fjallað um erindi sem varða samskipti almennings við veitendur heilbrigðisþjónustu. Gerður er greinarmunur á erindum í þessum skilningi og formlegum kvörtunum. Landlækni er skylt að sinna erindum er varða samskipti almennings við veitendur heilbrigðisþjónustu og leiðbeina þeim sem til hans leita um málefni heilbrigðisþjónustunnar. Slik erindi geta verið af ýmsum toga.

Þá skal þess getið að sjúklingur getur beint athugasemdum vegna þjónustu á heilbrigðisstofnun til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar, sbr. lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að leiðbeina sjúklingi eða vandamanni sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn. Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

2. Kvartanir.

Heimilt er að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá er notendum heilbrigðisþjónustunnar jafnframt heimilt að bera fram formlega kvörtun til landlæknis telji þeir að framkoma heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu hafi verið ótilhlýðileg. Kvörtun eða kára er skráð sem slík ef hún leiðir til athugunar af hálfu embættisins, en að jafnaði er erindi ekki skráð sé það leyst með einföldum hætti í gegnum síma eða með leiðbeiningum til viðkomandi. Hér er um að ræða mál sem eru misjafnlega umfangsmikil og misalvarleg. Í árána rás hefur verið algengast að kvartað sé til landlæknis undan rangri eða ófullnægjandi meðferð.

2.1 Kærufrestur.

Kvörtun skal borin fram við landlækni án ástæðulauss dráttar. Séu meira en tíu ár liðin frá því að þau atvik gerðust sem eru tilefni kvörtunar er landlækni rétt að vísa kvörtun frá nema sérstakar ástæður mæli með því að hans mati að kvörtun sé tekin til meðferðar.

2.2 Málsmeðferð hjá landlækni.

Þegar kvörtun berst Embætti landlæknis fer hún fyrir fund þverfaglegs teymis heilbrigðisstarfsmanna og lögfræðinga sem greinir efni kvörtunarinnar og að hverjum hún beinist, hvort sem það er að heilbrigðisstarfsmanni, einum eða fleiri, eða stofnun. Allar formlegar kvartanir sem berast embættinu eru kannaðar og teknar ákvarðanir um málsmeðferð í hverju máli fyrir sig. Kvartandi er upplýstur um að úrvinnsla kvörtunarinnar fari í skilgreint ferli. Kvörtunin er síðan send þeim sem hún beinist að og hann beðinn að gera grein fyrir málsatvikum og sjónarmiðum sínum með greinargerð. Jafnframt er beðið um afrit af gögnum og sjúkraskrá sem kunna að hafa þýðingu við meðferð málsins.

Embætti landlæknis gætir vandlega að rannsóknarskyldu sinni með því að afla allra nauðsynlegra gagna er varða málið og kynna málsaðilum. Að jafnaði er aflað umsagnar frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum þegar kvörtun lýtur að meintri vanrækslu eða mistökum við sjúkdómsgreiningu eða meðferð og þegar þekking er varðar álitaefni í hinu tiltekna máli er ekki til staðar innan embættisins. Um val á óháðum sérfræðingum gilda stjórnýslulög. Aðilum er kynnt umsögn utanaðkomandi sérfræðings og gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Að lokinni málsmeðferð gefur landlæknir skriflegt álit sem er sent málsaðilum. Embætti landlæknis ákveður ekki skaðabótaskyldu heldur gefur einungis faglegt álit á máli.

Heimilt er að kæra málsmeðferð landlæknis til heilbrigðisráðherra en þó ekki efnislega niðurstöðu álitsins eða læknisfræðilegt mat. Kærufrestur er þrjú mánuðir.

Þegar máli er lokið þarf að íhuga hvort ástæða sé til aðgerða af hálfu Embættis landlæknis. Alvarlegasta aðgerðin er að leggja til við ráðherra að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður sé sviptur starfsleyfi. Nokkuð algengt er að landlæknir finni alvarlega að störfum heilbrigðisstarfsmanns án þess að ástæða sé til að áminna hann samkvæmt lögum. Þau mál falla í flokkinn aðfinnsla. Vægasta aðgerð embættisins er að benda á það sem betur má fara.

2.3 Málsmeðferðartími.

Meðferð kvörtunarmála getur tekið langan tíma séu málin flókin eða erfitt reynist að afla umsagna.

3. Eftirlitsmál.

Svokölluð eftirlitsmál eru frábrugðin málum sem koma til vegna formlegra kvartana en önnur ákvæði laga um landlækni og lýðheilsu eiga við um slík mál. Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu og getur því á grundvelli lögbundinnar eftirlitsskyldu fylgt eftir athugasemdum sem embættinu berast frá almenningi vegna meintrar vanrækslu og mistaka í heilbrigðisþjónustu. Við úrvinnslu eftirlitsmála kallar landlæknir eftir gögnum frá heilbrigðisstofnun eða starfsmönnum. Ef þörf þykir er óskað eftir umsögn utanaðkomandi sérfræðings.

Þegar eftirlitsmáli lýkur er niðurstaða landlæknis í málinu send viðkomandi heilbrigðisstofnun eða starfsmanni. Þegar niðurstaða liggur fyrir tekur landlæknir síðan ákvörðun um hvort frekari aðgerða sé þörf.

4. Aðgangur að sjúkraskrá.

Embætti landlæknis úrskurðar einnig um synjun umsýjaraðila sjúkraskrár um afhendingu sjúkraskrár í heild eða að hluta. Umsýjaraðila er heimilt, mæli ríkar ástæður með því, að veita nánnum aðstandanda aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings. Synjun á slíkum aðgangi má bera undir Embætti landlæknis, sbr. 15. gr. a laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009.

Sama gildir ef umsjónarmaður sjúkraskrár synjar sjúklingi um aðgang að eigin sjúkraskrá, telji hann að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings. Skal hann þá jafnframt leiðbeina sjúklingi um rétt hans til að bera synjunina undir Embætti landlæknis.

Kærum til velferðarráðuneytisins.

Samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga er aðila máls heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Ýmsar ákvarðanir sem varða velferðarþjónustu eru kæránlegar beint til ráðuneytisins.

Málsmeðferð Embættis landlæknis samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Málsmeðferð í kvörtunarmálum samkvæmt ákvæðum laga um landlækni og lýðheilsu er jafnframt kæránleg til ráðuneytisins. Ráðuneytið endurskoðar hins vegar ekki efnislega niðurstöðu landlæknis.